

Drög að reglum félagsmiðstöðvar dalabyggðar, drögin eru gerð af
félagsmiðstöðvaráði og tómstundafulltrúa.

Eftir að fá umsögn, frá nemendaráði, skólastjóra og fræðslunefnd.

Reglur Félagsmiðstöðvar Dalabyggðar.

1.gr.

Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði Auðarskóla og heitir Hreysið.

2.gr.

Félagsmiðstöðin Hreysið er á vegum Dalabyggðar.

3.gr.

Árlega skal vinna fjárhagsáætlun fyrir Hreysið. Fjárhagsáætlun skal
liggja fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun Dalabyggðar.

4.gr.

Hreysið er aðili að Samfés sem frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á
Íslandi mynda.

5.gr.

Á hverju hausti skal kjósa 3 í félagsmiðstöðvaráð.

6.gr.

Starfsfólk Hreysisins ásamt félagsmiðstöðvaráði skipuleggja starfssemi
félagsmiðstöðvarinnar í samráði við nemendur og skólastjóra. Við
sérstök tækifæri eða viðburði skal kalla foreldra til félagsstarfsins, svo
sem vegna gistingu eða ferðalaga innan héraðs eða milli héraða, fáist
ekki tiltekin fjöldi foreldra til þjónustu skal viðkomandi tækifæri eða
viðburður falla niður.

7.gr.

Öll neysla áfengis eða annarra vímuefna, þar með talið nikótíns, er með öllu óheimil í starfssemi Félagsmiðstöðvarinnar.

8.gr.

Allir orkudrykkir eru bannaðir. Orkudrykkir verða gerðir upptækir og verða aðeins afhentir foreldrum eða forráðamönnum.

9.gr.

Notendur skulu virða jafnræði í notkun tækja og búnaðar félagsmiðstöðvarinnar og starfsfólk skal vinna gegn yfirgangi eða einokun einstaklinga eða hópa á einstökum tækjum eða búnaði félagsmiðstöðvarinnar.

10.gr.

Notendur Hreysisins eiga að virða alla einstaklinga, unglunga, gesti og starfsfólk. Þeir bera ábyrgð á gjörðum sínum og starfsfólk hefur fullan rétt til að stoppa alla vafasama hegðun

11.gr.

Félagsmiðstöðin ber ábyrgð á ungmennum í ferð. Á ferðalögum er ætlast til að ungmenni séu með félagsmiðstöðinni. Ef ungmenni ætlar að fara eitthvað annað tímabundið þá verður það að vera gert í samráði við foreldra eða forráðamenn. Ef ungmenni verður uppvíst að neyslu vímuefna í ferð þá verður það sent heim á kostnað foreldra og forráðamanna.

12.gr.

Foreldrar og forráðamenn skulu senda inn leyfisbréf fyrir stærri viðburðum og ferðalögum óski starfsfólk þess. Án leyfisbréfs getur ungmenni ekki tekið þátt í viðeigandi viðburði eða ferðalagi sem óskað er eftir leyfisbréfi fyrir. Í leyfisbréfi komi fram upplýsingar um ungmennið, foreldra þess eða forráðamenn og símanúmer. Foreldrar

og forráðamenn gæti þess að hægt sé að ná til þeirra jafnt á nóttu sem degi gegnum símanúmer í leyfisbréfi.

13.gr.

Ef ungmenni brýtur ítrekað gegn reglum þessum eða veldur ítrekað vandræðum eða truflunum í starfi félagsmiðstöðvarinnar skal óska eftir fundi með foreldrum, skólastjóra og starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar.